

## 6. fundur í starfshópi um dagdvöl fyrir heilabilaða.

Haldinn miðvikudaginn 28.nóv. 2018 kl. 8:15 að Strandgötu 6.

Mættir: Valdimar Víðisson, formaður, Auðbjörg Ólafsdóttir, Erla Sigríður Ragnarsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu sat einnig fundinn.

1. Á fundinn mættu Árni Sverrisson, formaður og Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna. Umræða var um möguleika á stækkun á dagþjálfunarinnar sem er til húsa í Drafnarhúsi. Fram kom að rými er fyrir 10-12 í viðbótarpláss í þeim hluta hússins sem nú stendur ónotuð. Fram kom hjá framkvæmdastjóranum að óska staðsetning fyrir dagþjálfun sé í einbýlishúsi í grónu íbúðarhverfi og að eining fyrir 20 einstaklinga væri heppilegust bæði hvað varðar rekstur og þjónustu. Jafnframt kom fram að fólki líður vel í Drafnarhúsi og aðstaðan þar er góð. Rætt var um aðstöðu í St. Jósefsspítala og nefndi formaðurinn að neðsta hæð spítalans gæti hentað vel fyrir dagþjálfun.
2. Ingvar Guðmundsson eigandi Strandgötu 75 (Drafnarhúss) mætti á fundinn. Fram kom hjá Ingvari að hann er reiðubúinn að leigja húsnæðið fyrir dagþjálfun. Ef til kæmi myndi hann gera nauðsynlegar breytingar þannig að húsnæðið henti starfsemi sem best. Húsnæðið gæti verið tilbúið til notkunar á u.þ.b. 1-2 mánuðum.
3. Tillaga starfshóps:
  - Gengið verði til samninga við eiganda Strandgötu 75 (Drafnarhúss) um leigu á þeim hluta hússins sem nú er ónotaður á annarri hæð.
  - Lögð er áhersla á að fundin verði framtíðarlausn á húsnæðismálum vegna dagþjálfunar fyrir heilabilaða. Biðlistar vegna dagþjálfunar koma til með að lengjast og nauðsynlegt er að horft verði til framtíðar í skipulagningu málaflöksins.
  - Lagt er til að starfshópurinn verði virkjaður í lok árs 2019 með það að markmiði að vinna að langtímalausn vegna dagþjónustu við heilabilaða.
  - Sviðsstjóra fjölskylduþjónustu er falið að senda erindi til ráðuneytisins þar sem óskað er eftir leyfi til reksturs á 12 dagþjálfunarrýmum fyrir heilabilaða að Strandgötu 75.

Starfshópurinn hefur lokið verkefnum sínum og þakkaði formaður fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 9:30.